

Skólaráðsfundur 30.maí 2016

Mættir : Jóhanna skólastjóri, Freyja Ólafsdóttir , Guðrún I. Stefánsdóttir fulltrúar kennara:, Ólöf Sívertsen, Davíð Ingi Jónsson fulltrúar foreldra og fulltrúar nemenda eru Ragnar Hreiðarsson og Elín Á Einarsdóttir.

1. Framkvæmdir við Höfðaberg og Baugshlíð

Framkvæmdum á að vera lokið í kringum 3. júní en hringakstur kemur ekki fyrir en í haust.

Reiknað er með að framkvæmdum ljúki júní / júlí í Baugshlíð.

2. Niðurstaða mælinga á dekkjakurli á knattspyrnuvöllum

Samkvæmt Tómasi Gíslasyni umhverfisstjóra átti skýrslan að koma 2. maí frá Umhverfisstofnun en því miður hefur það dregist og því er ekki búið að gefa út endanlegar mælingar. Mosfellsbær mun bíða eftir niðurstöðum áður en ákvarðanir verða teknar.

3. Skoðun á húsnæði Höfðabergs

Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir var fegin til að skoða Höfðaberg og kom í ljós að það var engin mygla en það er raki undir dúk sem þarf að skoða betur. Endanlegar niðurstöður eru þó ekki komnar.

Tillaga kom frá Ólöfu að fá Sylgju Dögg til að vera með fræðslu fyrir starfsfólk um hvernig best sé að koma í veg fyrir raka/myglu. Gott að fá utanaðkomandi til að vera með fræðslu um þetta málefni.

4. Skýrsla um ytra mat á Lágafellsskóla

Skýrslan komin í hús og er komin á heimasíðu. Foreldrum sent bréf um þetta. Í haust þarf skólinn að fara í ákveðna umbótavinnu.

Jóhanna sýndi skólaráði niðurstöðurnar, sem eru prýðisgóðar.

Búið að senda skýrsluna á bæjarstjórn og skólaskrifstofu.

5. Nemendafjöldi næsta haust, ráðningar o.fl.

Enn óráðið í 5 stöður umsjónarkennara, tónmennt og smíðakennara, stuðningsfulltrúa, skólaliða leikskóla og frístundasæl.

Verri staða en venjulega, mikil hreyfing á kennurum á höfuðborgarsvæðinu. Mjög erfður vetur t.d vegna kjaramála.

Nemendafjöldi : 37 bekkir 703 nemendur. 9 nemendur koma í viðbót, fjögur börn sem bíða eftir að fá afgreiðslu. Átta nemendur fara í aðra skóla. Erum ekki að sjá fækkun í yngstu bekkjunum.

6. Nemendafélag

Lokaball – 7. bekkur fær að vera með á ballinu.

Á morgun sýna nemendur í 10.bekk afrakstur af vinnu við lokaverkefni þeirra. Mörg spennandi verkefni.

10.bekkur er að fara í lokaferð, ferðinni heitið til Skagafjarðar í 3 daga

Útskrift hjá 10.bekk 31.maí.

7. Önnur mál

1. Ákveðið að fara að skoða húsnæði Höfðabergs í haust.

Ólöf nefndi að hún hefði heyrt kynningu á Vinaliðaverkefninu og verið mjög stolt og ánægð með skólann og vildi koma því á framfæri á fundinum.

Fundi slitið.

Fundarritari: Guðrún I. Stefánsdóttir